
Samkomulag aðila vinnumarkaðar 27. október 2015

Betri vinnubrögð aukinn ávinningur



Alþýðusamband Íslands



BSRB



SA



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Reykjavíkurborg


SNR

Samninganefnd ríkisins

Nær til 70% launafólks í stéttarfélögum



HVER VINNUR
HÖFRUNGAHLAUPIÐ?



AÐDRAGANDINN

- Afrakstur vinnu sem hófst 2013 með úttekt BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum
- Mikil áhersla lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins
- Markmið að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga
- Grundvallað á þremur sameiginlegum skýrslum, „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum“ (2013), og „Í aðdraganda kjarasamninga“ (2013 og 2015).

SAMKOMULAG UM ...

- Upphaf að sameiginlegri vegferð
- Stuðla að friði á vinnumarkaði (stöðva höfrungahlaupið)
- Sameiginleg launastefna opinbers og almenns vinnumarkaðar til 2018.
- Stofnun Þjóðhagsráðs vinnumarkaðar, Seðlabanka og stjórnvalda.
- Meginstoðir nýs samningalíkans til framtíðar.

HVERS VEGNA?

- Aukið samstarf - minni átök
- Aukinn efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki
- Varanleg aukning kaupmáttar launa á grundvelli
 - lágrar verðbólgu
 - stöðugs gengis
 - lægri vaxta

NÝTT SAMNINGALÍKAN

- Svigrúm til launabreytinga skilgreint út frá samkeppnisstöðu gagnvart helstu viðskiptalöndum.
- Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móta svigrúm til launabreytinga.
- Svigrúm til dreifðra samninga (samninga um ábataskipti og hagræðingu innan kostnaðarramma)
- Jöfnun lífeyrisréttinda
- Opinberum starfsmönnum tryggð hlutdeild í launaskriði á almennum vinnumarkaði


SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ

- Vinnumarkaðurinn leikur stórt hlutverk í stöðugleika samhliða efnahagsstefnu stjórnvalda og peningastefnu Seðlabanka.
- Þess vegna þarf formlegan vettvang þar sem forystufólk vinnumarkaðar, ríkisstjórnar og Seðlabanka stilla saman strengi.
- Ná verður sátt um stjórn lykilstofnana á vinnumarkaði; atvinnuleysistryggingar-, fæðingarorlofs- og ábyrgðarsjóðs launa.
- Unnið sé að því að tryggja félagslegan stöðugleika og víðtæka sátt um forgangsröðun í velferðarmálum.

AF HVERJU?

Hækkun atvinnutekna hefur að jafnaði verið tvöfalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin.

Hækkun atvinnutekna á ári á Íslandi og öðrum Norðurlöndum Meðaltal árána 2000-2014




AF HVERJU?

Þrátt fyrir næstum tvöfalt meiri launahækkanir á Íslandi hefur kaupmáttur atvinnutekna aukist helmingi minna en á hinum Norðurlöndunum á síðustu 15 árum.

Uppsafnað munar þetta ríflega 14% í hreinum kaupmætti á þessum árum


Aukning kaupmáttar atvinnutekna á mann á ári á Íslandi og öðrum Norðurlöndum

Meðaltal árána 2000-2014



Heimild: OECD

Verðbólga á Íslandi og öðrum Norðurlöndum Meðaltal áráanna 2000-2014




AF HVERJU?

Verðbólga á Íslandi hefur verið þrefalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin.

Gengi íslensku krónunnar og meðaltals Norðurlandamynta gagnvart evru

Breyting milli ára 2000 og 2014




Heimild: OECD

AF HVERJU?

Frá aldamótum hefur gengi krónunnar fallið um 50% en gengi mynta hinna Norðurlandanna haldist nánast óbreytt gagnvart evru.

Vextir á Íslandi og öðrum Norðurlöndum Meðaltal skammtíma vaxta á ranna 2000-2014



AF HVERJU?

Vegna mikillar verðbólgu og efnahagslegs óstöðugleika á Íslandi hafa vextir að jafnaði verið þrefalt hærri en á hinum Norðurlöndunum.

NÆSTU SKREF

- Aðilar þessa samkomulags ljúka gerð kjarasamninga til ársloka 2018.
- Lokið verði við gerð samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Samið verði við stjórnvöld um efnahagslegar mótvægisaðgerðir til að stuðla að framgangi sameiginlegrar launastefnu.

Samkomulag aðila vinnumarkaðar 27. október 2015

Betri vinnubrögð aukinn ávinningur



Alþýðusamband Íslands



BSRB



SA



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Reykjavíkurborg

SNR

Samninganefnd ríkisins